



# Guð blessi heimilin

Okurvextir og verðtrygging mesta bül þjóðarinnar!



**6-7%**



**2,47%**



**1,35%**

**2,04%**

**2,46%**

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness



# Eðlilegir vextir!

- Seðlabankastjóri hefur sagt í fjölmiðlum að vextir á Íslandi séu ekki endilega of háir.
  - **Vextir í nágrannalöndunum séu bara of lágir!!!!**
- Nei, ég held að afar fáir hér á landi geti tekið undir þetta.
- Ég tek undir með forstjóra Icelandair Group og fyrrverandi formanni Samtaka atvinnulífsins sem sagði í lok síðasta árs að vaxtastigið á Íslandi væri galið.

# Hvað þýðir þessi vaxtamunur fyrir almenning?

- Á Íslandi er vaxtabyrði af 25 milljóna óverðtryggðu húsnæðisláni um 135 þúsund á mánuði eða sem nemur rétt rúmri 1,6 milljón á ári.
- Á Norðurlöndunum er vaxtabyrði á sams konar láni hins vegar tæpar 43 þúsund á mánuði eða sem nemur 510 þúsund á ári.
- Með öðrum orðum: íslenskir neytendur og heimili greiða **92 þúsund** meira en neytendur á Norðurlöndunum í hverjum mánuði af 25 milljóna húsnæðisláni, eða sem nemur 1,1 milljón á ári!
  - Raunvextir af óverðtryggðum húsnæðisvöxtum eru í dag á Íslandi 5,1%





# Verðtryggðir vextir á húsnæðislánnum

- Hugsið ykkur að verðtryggðir vextir á húsnæðislánnum á Íslandi eru mun hærri en óverðtryggðir húsnæðisvextir á Norðurlöndunum.
- Verðtryggðir vextir á húsnæðislánnum á Íslandi eru að meðaltali um 4,25%.
- Viðskiptabankarnir þrír bjóða núna verðtryggða vexti frá 3,65% upp í 4,65%
- Þetta þýðir að verðtryggðir vextir sem íslenskum neytendum standa til boða eru þetta frá 1,57% uppí 2,57% hærri en óverðtryggðir húsnæðisvextir á Norðurlöndunum!!!!
- Við þessa verðtryggðu vexti bætist síðan öll áhætta neytenda vegna verðbólgunnar.
- Ef ársverðbólga er um 3% þá hækka verðtryggðar skuldir heimilanna um tæpa 55 milljarða.
- En það er jafn mikið og sem nemur aflaverðmætti á þorski á síðasta ári!


# 40 ára verðtryggð lán - baneitraður kokteill

- Langflest heimili eru með svokölluð 40 ára verðtryggð jafngreiðslulán.
- Sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar sem skipaður var árið 2013 komst að þeirri niðurstöðu að þessi lán væru baneitraður kokteill sem þyrfti að banna með öllu.
- 40 ára verðtryggð jafngreiðslulán gera ekkert annað en að hækka fyrstu 24 ár lánstímans.
- Ókostir verðtryggingar á neytendalánum heimilanna blasa við. Ekki bara vegna þess að öll ábyrgð og áhætta liggur á herðum lántakans heldur líka vegna þess að...
  - Verðtryggð jafngreiðslulán auka peningamagn í umferð og skapa verðbólguþrýsting.
  - Verðtryggð jafngreiðslulán ganga gegn eðlilegum lögmálum um varfærni við lántöku.
  - Verðtrygging hvetur til of mikillar skuldsetningar heimila.
  - Verðtryggingin dregur úr virkni peningamálastefnu Seðlabankans.



Þessi mynd sýnir þróun 10 m.kr. verðtryggðs láns til 40 ára með 4,9% vöxtum tekið 1.5.1988. Sýnt með raunverðbólgu til apríl 2016 og 2,5% verðbólgu eftir það. Á 40 árum (miðað við forsendur útreikninganna) verða heildargreiðslur 73,9 m.kr. eða ríflega 7-föld lánsfjárhæðin. Skiptist hún sem hér segir: Höfuðstóll 10 m.kr., verðbætur á eftirstöðvar og vexti rúmar 51 m.kr., vextir tæpar 13 m.kr.

Heimild Marinó G Njálsson





# Heimilin skulda 1900 milljarða

- Heimilin skulda yfir 1900 milljarða eða um 78% af vergri landsframleiðslu.
- Því er morgunljóst að umtalsverð lækkun vaxta myndi leiða af sér tugmilljarða ávinning fyrir heimilin árlega.
- Rétt er að geta þess að íslensk fyrirtæki skulda 80% af vergri landsframleiðslu eða um 1950 milljarða.
- Lækkun vaxta myndi klárlega hjálpa atvinnulífinu og leiða til lækkunar á verðlagi eins og Samtök atvinnulífsins hafa sjálf sagt í auglýsingu sem þau gerðu fyrir nokkrum árum.





# Ólafslögin 1997

- Neytendur hafa þurft að þola íslensku verðtryggingunni í 38 ár.
- En takið eftir þegar hún var sett á átti hún að vera á tímabundið.
- Ekki bara það heldur var talað um að vextir á verðtryggðum lánum yrðu ekki yfir 2% eins og Pétur heitinn Blöndal skrifaði um á sínum tíma.
- Eins og við öll þekkjum þá voru laun líka verðtryggð í byrjun en stjórnvöld á þeim tíma voru ekki lengi að afnema verðtryggingu á laun með einu pennastriki árið 1983.



# Ofmæling neysluvísitölunnar

- Við erum ekki bara eina þjóðin af þeim sem við viljum bera okkur saman við sem notar verðtryggingu á húsnæðislán heimilanna, heldur erum við ekki að mæla verðbólguna með sama hætti og aðrar þjóðir gera!
- Við höfum heldur ekki rannsakað svokallaða ofmælingu/skekkju í mælingunni eins og aðrar þjóðir hafa gert.
- Erlendar rannsóknir sýna að verðbólgan er ofmetin víða um heim.
  - Í Bandaríkjunum: er ofmatið 1,1% á ári
  - Í Evrópu: allt að 1,5% á ári
- Í verðtryggingarlandinu Íslandi hefur engin slík rannsókn farið fram af hálfu opinberra aðila.
- En á heimasíðu Hagstofunnar segir orðrétt um öryggismörk/skekkjumælingar: „Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á skekkju í íslensku neysluverðsvísitölunni“

# Stýrivextir Seðlabankans

- Það er vitað að Seðlabanki Íslands, eða réttara sagt peningastefnunefnd hans, ræður voxtunum á Íslandi.
- Rétt er að geta þess að stýrivextir í þeim löndum sem við erum að bera okkur saman við eru í kringum 0%.
- Virkaði peningastefna Seðlabankans fyrir hrun? Svarið er NEI enda hefur sagan sýnt okkur það.
- Vil benda á bréf sem Samtök atvinnulífsins sendu forsætisráðherra Geir H. Haarde í ágúst 2007. Í þessu bréfi benti SA réttilega á að verðhækkanir á íbúðarhúsnæði hafa verið megin drifkraftur verðbólgunnar frá 2002 til 2007. Eða nánar tilgetið:

• 2003 var verðbólgan	2,1%	án húsnæðisliðar	1,3%
• 2004 var verðbólgan	4%	án húsnæðisliðar	2,1%
• 2005 var verðbólgan	4,4%	án húsnæðisliðar	1%
• 2006 var verðbólgan	6,6%	án húsnæðisliðar	6%
• 2007 var verðbólgan	3,4%	án húsnæðisliðar	0,5%
- Samtök atvinnulífsins benda líka í þessu bréfi réttilega á að Seðlabankinn hafi hækkað stýrivexti frá janúar 2004 til ágúst 2007 úr 5,3% í 13,3% og í bréfinu benda þeir á þá staðreynd að vaxtahækkanir Seðlabankans hafa engin áhrif haft á hækkun á húsnæðisverði.
- Við vitum hvaða afleiðingar þessi hávaxtastefna Seðlabankans hafði á vaxtamunarviðskipti fyrir hrun enda streymdi inn erlent fé hér til ávöxtunar með skelfilegum afleiðingum fyrir gengi krónunnar. Við vitum líka hvaða afleiðingar það hafði á almenning og heimili þessa lands.

# En hefur peningastefna Seðlabankans virkað eftir hrun?

- Svarið er NEI og aftur hefur sagan sýnt okkur það. Þó er rétt að geta þess að ruglið og var fyrir hrun ekki alveg jafn yfiringilegt.
- En skoðum verðbólguna frá árinu 2014 til dagsins í dag með og án húsnæðisliðar.


• 2014 var verðbólgan	3,1%	án húsnæðisliðar	2,1%
• 2015 var verðbólgan	0,8%	án húsnæðisliðar	-0,6%
• 2016 var verðbólgan	2,1%	án húsnæðisliðar	0,6%
• 2017 sep. verðbólgan	1,4%	án húsnæðisliðar	-3,1%
- Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur „vaknað“ örlítið og lækkaði stýrivexti um 0,25% á miðvikudaginn og núna standa stýrivextirnir í 4,25%. En þeir hafa rokað þetta frá rétt rúmum 6% niður í 4,25% á síðustu árum.
- En betur má ef duga skal hvað lækkun stýrivaxta varðar, enda er hér bullandi verðhjöðnun eins sést á því að verðbólgan án húsnæðisliðar er neikvæð um 3,1%.

# Galið að hafa húsnæðisliðinn inni neysluvísitölunni.


- Í bréfi Samtaka atvinnulífsins til forsætisráðherra Geir H. Haarde frá árinu 2007 sem ég nefndi áðan var lagt til af hálfu SA að miða eigi við vísitölu neysluverðs án húsnæðisliðarins.
- Jafnvel í riti um peningamál frá Seðlabankanum frá því í fyrra er fjallað um hvort peningastefnan eigi að miðast við vísitölu neysluverðs með húsnæðisliðnum fremur en án hans. Orðrétt segir Seðlabankinn m.a.
- *„Hægt væri að miða peningastefnuna við vísitölu neysluverðs án húsnæðis en líklega væri nærtækara að miða hana við samræmdu vísitölu neysluverðs þar sem sú vísitala byggist á alþjóðlega samræmdri aðferðafræði sem myndi auðvelda alþjóðlegan samanburð“*
- Þetta eru stórtíðindi. Af hverju er þessu ekki breytt ef það er því ekkert til fyrirstöðu? Kannski Seðlabankinn geti upplýst almenning í þessu landi um það hverjir stýrivextirnir hefðu orðið ef peningastefnunefndin hefði miðað við neysluvísitölu án húsnæðisliðar.

# Samræmd vísitala neysluverðs

Breyting frá maí 2016 til 2017, %



# Verðbólga september 2017 - september 2017



# Afnema þarf verðtryggingu með öllu!

- En þarna sáuð þið hvernig húsnæðisliðurinn hefur enn og aftur keyrt verðbólguna áfram enda er neysluvísitalan neikvæð um 3,1% á síðustu 12 mánuðum.
- Ég veit að varðhundur fjármálakerfisins berjast gegn afnámi verðtryggingar. En það minnsta sem Alþingi gæti gert væri að taka húsnæðisliðinn út úr lögum um verðtryggingu á fjarskuldbindingum neytenda. Enda er húsnæði fjárfesting en ekki neysla!
- Eina sem þarf til að breyta þessu er að bæta orðunum „án húsnæðisliðar“ við 14. grein laga um vexti og verðtryggingu en þá myndi lagagreinin hljóða á eftirfarandi hátt:
- „Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs **án húsnæðisliðar** sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði“
- Ef húsnæðisliðurinn væri ekki inni lögum um vexti og verðtryggingu þá hefðu verðtryggðar skuldir heimilanna lækkað um 59 milljarða á síðustu 12 mánuðum en í staðinn hækkuðu skuldir heimilanna um 27 milljarða. Hér er mismunur upp á 86 milljarða! Ég vil varla hugsa þá hugsun til enda hversu mörg hundruð milljarðar hafa verið færðir frá íslenskum heimilum yfir til fjármálakerfisins „bara“ vegna þess að við erum með húsnæðisliðinn inni í lögum um vexti og verðtryggingu.
- En gríðarlegur fjármunir hafa verið færðir frá íslenskum heimilum yfir til fjármálakerfisins.







# Verðbólguþáttur Seðlabankans

- Því miður hefur spámennska starfsmanna Seðlabankans ekki verið ýkja nákvæm hvað verðbólguhorfur varðar og er þar vægt til orða tekið.
- Í ágúst 2015 eða fyrir tveimur árum var þetta verðbólguþáttur Seðlabankans:
  - „Spáð er að verðbólga verði komin í 4% snemma á næsta ári (2016) og verði á bilinu 4-4½% næstu tvö árin (2016 og 2017) en hjaðni síðan í átt að verðbólguþáttumarkmiðinu.“
- Raunin er hins vegar sú að verðbólgan er 1,4% og án húsnæðisliðar er bullandi verðhjöðnun enda er hún neikvæð um 3,1%.
- Það er magnað að Seðlabankinn er mjög duglegur að finna sér nýjar og nýjar ástæður til að réttlæta þessa háu stýrivexti.
- En eftir kjarasamninga verkafólks í maí 2015 hækkuðu þeir strax stýrivexti um 0,5%.
- Það er ágætis „skemmtiefni“ að lesa vaxtaákvæðanir peningastefnunefndar.

## Verðbólguþróun



## Próun verðlags og spá SB



Spurning hvort Seðlabankinn fái bara ekki þessa spákonu til að gera næstu verðbólgu spá?  
Mér sýnist hún sjá að íslensk heimili séu að brenna upp vegna vaxtaokurs og verðtryggingar!






# Hræðsluáróður- Kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði

- Alla tíð hefur Seðlabankinn og reyndar fleiri skellt á fóninn hræðsluáróðurs plötunni með titillaginu „þið eruð að ógna stöðugleikanum“ þegar kjarasamningar verkafólks eru lausir.
- Þetta gerist í hvert einasta sinn sem kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði eru lausir. Googlið endilega þennan hræðsluáróður Seðlabankans.
  - „Seðlabankinn óttast launahækkanir“
  - „Seðlabankastjóri segir að miklar launahækkanir myndu leiða til meiri aukningar atvinnuleysis“
  - „Kjaraviðræður í ógöngum“
  - „Seðlabankinn varar við launahækkunum umfram 2,5%“
  - „Seðlabankastjóri sagði komandi kjarasamninga vera fíllinn í herberginu“
  - „Aðalhogfræðingur Seðlabankans spyr, hvað hagsmuni er verið að verja með þessum launahækkunum?“
- Ég skal svara Seðlabankanum því. Við erum meðal annars að reyna að verja okkar fólk þannig að það geti staðið undir þessu gríðarlega vaxtaokri sem hér er við lýði í boði Seðlabankans. Eins og fram hefur komið þá eru íslensk heimili að greiða yfir 90 þúsund krónum meira mánaðarlega í vaxtagjöld en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.
- Ég vil segja við Seðlabankann: lækkið stýrivextina þannig að íslenskum almenningi standi til boða sambærileg kjör og á Norðurlöndunum.
- Ef þið gerið það þá liggur fyrir að mun meiri líkur séu á að hægt sé að gera hóflega kjarasamninga. En boltinn er hjá Seðlabankanum!
- Ég vil líka segja við stjórnvöld, Seðlabankann og Samtök atvinnulífsins: hættið þessum skefjalausa hræðsluáróðri í hvert sinn og kjarasamningar verkafólks eru lausir. Lítið ykkur nær þegar þið talið um að stöðva verði svokallað „höfrungahlaup.“ Skoðum þetta!

# Laun fiskvinnslufólks, starfsmanna Seðlabankans, þingmanna og seðlabankastj. 2011-2017



Frá árinu 2011 hafa laun verkafólks hækkað um 89.127 kr. eða 48,7%. Á sama tíma hafa laun seðlabankastarfsmanna hækkað um 360.597 kr eða 59%, þingmanna um 555.714 kr. eða 101,9% og laun seðlabankastjóra um 733.000 kr. eða 56,4%.

■ 2011 ■ 2017





# Heimilin þurfa líka að búa við fjármálastöðugleika!

- Það virðist vera að sá fjármálastöðugleiki sem Seðlabankinn er að berjast fyrir sé einungis fyrir fjármálakerfið. Öll munum við eftir því þegar gengistryggðu lánin voru dæmd ólögleg 2010
  - „*Seðlabankastjóri segir að koma þurfi í veg fyrir að vextir á gengistryggðum lánnum verði látnir standa óbreyttir miðað við upphaflega lánasamninga*“


**Ég veit að almenningur er ekki búinn að gleyma tilmælum Seðlabankans og FME um að lágu vextirnir sem voru á gengistryggðu lánunum sem voru 2 til 3% yrðu ekki látnir standa heldur yrði miðað við Seðlabankavexti sem voru þá yfir 8%.**
- Seðlabankinn var líka mótfallinn því að forsendubrestur heimilanna vegna óðaverðbólgunnar sem kom í kjölfar hrunsins yrði leiðréttur með almenntri aðgerð!
- Seðlabankinn talaði jafnframt um „meintan forsendubrest“ í umsögn sinni um skuldaleiðréttinguna.
  - „*Vandséð er að hugtakið forsendubrestur eigi við í þessu tilfelli, enda er það kjarni verðtryggingar að raungildi afborgana og eftirstöðva sé óháð sveiflum í verðbólgu.*“
- Halló! Hvernig fær Seðlabankinn það út að það sé vandséð að forsendubrestur hafi átt sé stað hjá íslenskum heimilum með verðtryggð lán, en þau stökkbreyttust á nokkrum mánuðum og hækkuðu um allt að 400 milljarða!
- Hvernig ætlar Seðlabankinn að útskýra fyrir allt að 10 þúsund fjölskyldum sem misstu húsnæði sitt m.a. vegna þess að verðtryggðar skuldir stökkbreyttust að ekki hafi orðið forsendubrestur?
- Það er gríðarlega mikilvægt að Seðlabankinn hugi líka að fjármálalegum stöðugleika heimilanna en ekki bara standa eins og örgustu varðhundar fjármálakerfisins!

## Hagnaður íslensku viðskiptabankanna þriggja frá hruni: Samtals 656,7 milljarðar!

Hagnaður fyrir skatta	Landsbankinn	Íslandsbanki	Arion banki
Árið 2009	14,9 milljarðar	28,6 milljarðar	15,4 milljarðar
Árið 2010	35,4 milljarðar	36,8 milljarðar	17,3 milljarðar
Árið 2011	10,1 milljarðar	8,6 milljarðar	8,3 milljarðar
Árið 2012	27,5 milljarðar	30,5 milljarðar	21,7 milljarðar
Árið 2013	41 milljarðar	33,2 milljarðar	18,6 milljarðar
Árið 2014	39,5 milljarðar	29 milljarðar	35,9 milljarðar
Árið 2015	48,9 milljarðar	25,1 milljarðar	52,8 milljarðar
Árið 2016	25,2 milljarðar	25,2 milljarðar	27,2 milljarðar
<b>Samtals</b>	<b>242,5 milljarðar</b>	<b>217 milljarðar</b>	<b>197,2 milljarðar</b>



Mynd 2: Meðalraunvextir 1996-2016 (skammtíma vextir)



Heimild: OECD og útreikningar höfundar

# Að lokum þetta.



- Alþýðan og heimili þessa lands krefjast þess að vaxtakjör hér á landi séu með sambærilegir og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.
- Afnema þarf verðtryggingu á neytendalánnum en slíkt mun klárlega leiða til lægri vaxta og stjórnþæki seðlabankans fer að virka.
- Munum kæru vinir og félagar að okurvextir og verðtrygging er ekkert náttúrulögmál heldur mannannaverk sem klárlega er hægt að breyta.
- Vilji er allt sem þarf!!!
- Takk fyrir mig